

82. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs í húsnæði þess að Digranesvegi 7, fimmtudaginn 23. maí 2013, kl. 17:00

Dagskrá

1. Skjalavörsluáætlun
2. Starfsemin undanfarið
 - Skráning skjala
 - Skjöl grunnskóla í Kópavogi - skýrsla
 - Næsta smárit í samvinnu við Sögufélag Kópavogs og samstarf við félagið
 - Fjöldi afhendinga á árinu og hverjar þær eru
 - Fjöldi gesta á árinu
3. Starfsemin framundan
 - Sumarnámskeið í sögu
 - Aðild að Kópavogsfélagi
 - Næsta sýning - um skólasögu
 - Samstarf við Sögufélag Kópavogs. Ljósmyndamál, kynnisferð um eystri hluta Kópavogs
 - Óðfræðivefurinn Bragi
 - Ársrit
 - Rit Guðlaugs R. Guðmundssonar um örnefni í Kópavogi
 - Tölfræði
 - Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða. Fyrirhuguð 26. og 27. september 2013.
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

Fundur settur kl. 17:00. Mættir Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Skjalavörsluáætlun rædd. Ákveðið að héraðsskjalavörður uppfæri áætlunina.
2. Héraðsskjalavörður fór yfir starfsemina undanfarið.
Unnið hefur verið á óskráðum afhendingum frá fyrstu árum safnsins.
Drög að skýrslu um útistandandi skjöl grunnskóla Kópavogs kynnt.
Um 170 metrar af skjölum eru væntanlegir úr skólunum.
Næsta smárit skjalasafnsins og Sögufélagsins heitir Kampar í Kópavogi eftir Friðþór Eydal, um hernámsárin í Kópavogi.
Tölfræði gestakoma og fjölda afhendinga var kynnt. Tvöföldun var á gestakomum milli árana 2011 og 2012 ásamt mikilli aukningu á fjölda afhendinga. Stjórnin lýsir yfir ánægju með aukningu á gestakomum og fjölda afhendinga og sýnir það nauðsyn þess að safnið var flutt úr óhentugu húsnæði í nýtt og betra hús.
3. Héraðsskjalavörður fór yfir verkefnin framundan.
Héraðsskjalasafnið gerir nú í sumar tilraun og býður í fyrsta skipti upp á sumarnámskeið í sögu sem hluta af sumarnámskeiðum Kópavogsbæjar.
Ákveðið var að Héraðsskjalasafnið gerist félagi í Kópavogsfélaginu.
Stefnt er að því að næsta sýning skjalasafnsins verði um skólasögu Kópavogs.
Skjalasafnið og Sögufélag Kópavogs hafa stefnt að skipulegri söfnun og skráningu ljósmynda úr Kópavogi. Héraðsskjalavörður vinnur áfram að málinu. 20. júlí verður farið í ferð um Lækjarbotna og nágrenni og fjallað um sögu svæðisins.

Skjalasafnið er aðili að Óðfræðivefnum Braga sem Árnastofnun sér um. Stefnt er að því að ljóðmáli ættuðu úr Kópavogi verði gerð skil á vefnum.

Unnið verður áfram að næsta Ársriti.

Guðlaugur R. Guðmundsson hlaut nýverið styrk frá Lista- og menningarráði til að ljúka textavinnu örnefnaritsins. Unnið verður áfram að útgáfunni.

Á vettvangi héraðsskjalavarða á landsvísu hefur verið rætt um að ná samanburðarhæfri tölfræði yfir söfnin öll.

Hugmynd liggur fyrir um að halda ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða í haust í Kópavogi. Héraðsskjalavörður og formaður vinna áfram að málinu.

4. Rætt um starfsmannamál. Formanni stjórnar og héraðsskjalaverði falið að vinna áfram að málinu.

5. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.